

# Leynardómur upprisunnar

(Hugo Odeberg)

Upprisan tilheyrir þeim hluta Heilagrar ritningar sem kallaður er Leynardómurinn eða hið leyndardómsfulla. Á þennan hluta er mjög mikil áhersla lögð í Nýja testamentinu. Reyndar er það svo með alla hluti í Ritningunni að í hverju hugtaki liggur mikil dýpt.

Orðið *mysterion* (*leynardómur*) er í Nýjatestamentinu alltaf tengt bæði upphafinu og endinum, við hina guðdómlegu áætlun með heiminn, með sköpunina, syndafallið, hjálpræðisverkið, fullnunina. *Mysterion* er leyndardómur Guðs—skaparans og frelsarans. Þannig er einnig upprisan sem leyndardómur Guðs rófrest í upphafi og í endi þessarar guðdómlegu heimsáætlunar og hjálpræðisáætlunar.

Hvergi í Nýja testamentinu er neina útskýringu að finna á upprisunni. Öfugt við heimildir úr ýmsum öðrum trúarbrögðum er Nýja testamentið mjög hófsamt hvað þetta varðar og reyndar um allt sem varðar lífið fyrir utan þetta jarðlíf. Þungamiðjan í fagnaðarerindinu er upprisa *Krists*. Við upprisun hans er síðan upprisa hins trúandi manns bundin.

Hvað er þá upprisan?—Það er hægt að benda á hvað upprisan er *ekki*. Upprisan er ekki það sama og einungis líf eftir þetta líf. Hún er af allt annarri gerð en líf eftir þetta líf. Menn hafa undir áhrifum af hugmyndafræði efnishyggjunnar reynt að setja fram hugmyndir um að í Nýja testamentinu sé engar hugmyndir að finna um líf að loknu þessu. Það er erfitt að skilja hvað býr að baki slíkum tilraunum. Svo hafa menn komið með málfræðilegar framsetningar eins og orð Jesú til ræningjans á krossinum: „*Sannlega segi ég þér í dag: Þú skalt vera með mér í paradís.*“ Og samt er frásagan af ríka manningnum og Lasarusi einmitt til staðfestingar [á að Jesús eigi við „*Sannlega segi ég þér: í dag skaltu vera með mér í paradís.*“].

En upprisa *Krists* er einstæð. Eitthvað einstætt hefur gerst, sem sýnir að upprisa er ekki það sama og líf eftir þetta líf. Hér er ekki um að ræða að vera í paradís eða hreint út sagt nærri hástöli Guðs, heldur nokkuð einstætt.

Leynardómurinn er alltaf í tengslum við það sem var frá upphafi, og þegar *Kristur* reis upp, þá var það hann sem var frá upphafi, sem reis upp. Upprisa *Krists* er hluti af hjálpræðisverkinu, sem einnig var frá upphafi. Hver er það sem rís upp?—Það er hann sem felur í sér allt mannkynið. Fyrir Adam kom syndafallið og fyrir það braut maðurinn sig algerlega út úr því lífi sem Guð hafði gefið og lifði síðan með öðrum hætti. Fyrir *Krist* hefur hið týnda endurheimst. Maðurinn var skapaður í Guðs mynd. Upprisan er endurheimt mannkynsins, mannsins. Þetta er skýrt sagt í fyrsta kafla Kólossubréfsins. Þar er notað þetta einkennandi orð, ímynd. Guð, frelsarinn hefur tekið okkur burt, „frelsað okkur, frá valdi myrkursins, og flutt okkur inn í ríki síns elskaða sonar. Í honum eigum vér endurlausnina, fyrirgefningu synda okkar. honum sem er *ímynd* hins ósýnilega Guðs, frumburður allrar sköpunar.“ (Kl. 1:13-15).

Í upprisunni hófst það undur að það sem tilheyrir hinni guðdómlegu tilveru mannsins hafur verið endurreist. Það er um að ræða manneskjuna alla í heild sinni eins og

kemur fram í sköpunarsögunni, manneskjuna alla eins og hún er sköpuð af Guði. Greinarmunurinn á lífi eftir þetta líf og upprisulífinu er það líf sem skýrt er frá í sköpunarsögunni, með líkama. Sá sem á hlut í upprisunni á raunverulegan líkama. Þetta er ekki útmálað í smáatriðum, en það að ekki sé hægt að skilja leyndardóm að fullu stendur ekki í vegi fyrir að menn geti tekið við því sem raunveruleika.

Það stendur í guðspjöllunum að Jesús og farísearnir hafi veirð sammála í einu atriði: Upprisunni frá dauðum. Aðrir höfðu upprisunni og töluðu um líf eftir þetta líf, einhvers konar framhald eftir dauðann. Farísearnir töluðu einnig um líf að loknu þessu, en þar að auki endanlega upprisu við lok þessara tíma, þegar hinn nýi tími hefist. Þeir kölluðu það „nýjan himin og nýja jörð“, þ.e.a.s. hinir komandi tímar. Þetta eru hin gyðinglega mýstik, sýnagógan og farísearnir sammála um. Í Nýja testamentinu er þessi nýi tími tengdur endurkomu Krists. *Upprisa mannanna er sem sagt staðsett í tíma við endurkomu Krists*, við hinn nýja tíma þar sem hið guðdómlega líf ríkir.

Millitíminn er líf eftir þetta líf. Lögvitringarnir héldu því fram að við upprisuna yrði manneskjan fullkomlega mannleg eins og hún var í paradís. Upprisan innifól tilveru í líkama. En meira að segja lífið þarna á milli dauða og upprisu er ekki án líkama að þeirra mati. Maðurinn er þá ekki bara sál heldur hefur hann eitthvað form. Aðrir sjá hann sem veru sem hefur form. Hann er með augu, munn, nef, hann finnur til sársauka, vellíðunar o.s.frv., en er ekki bundinn af þeim hindrunum sem binda líkamann í þessu jarðlífi. Hann hreyfir sig og ferðast öðruvísi.

En það er munur á kenningu faríseanna og því sem við lesum í Nýja testamentinu. Farísearnir skipta lífinu eftir þetta líf milli þriggja hópa. Fyrst eru það hinir réttlátu. Þeir eru í Paradís. Meðal þeirra eru píslarvottarnir, sem standa frammi fyrir háseti Guðs. Þetta er tilvera í mikilli hamingju í himnunum, meðal englanna. Síðan eru það hinir illu. Þeir búa í helvíti, Gehenna. Milli þessara hópa eru svo þeir sem hvorki er hægt að segja að séu algerlega réttlátir eða algerlega vondir. Þeir búa í einhvers konar millitilveru. Þeir réttlátu eru hvítir, klæddir í hvít klæði. Hinu vondu eru svartir sem sótt, en þeir þarna á milli eru gráir. Þeir eru í hreinsunareldi og geta hreinsast smám saman og fengið hvít klæði að lokum. Það er mikill munur á þessari kenningu og þeirri sem við lesum um í Nýja testamentinu.

Úrslitaatriðið í Nýja testamentinu er það að Kristur gerði *upprisuna* að raunveruleika. Hann er upprisinn nú þegar og fyrir hann fær hinn trúaði hlutdeild í upprisu hans. Páll tengir upprisu mannsins og Krists svo fast saman að hann segir að „ef ekki er til upprisa dauðra, þá er Kristur ekki heldur upprisinn.“ (I. Ko. 15:13)

Upprisa Krists er einstæð í sögunni og tengist traustum böndum við þessar tvær staðreyndir: sköpunina og frelsunina. Það felst mikl hátign í því að ekki skuli að finna í Nýja testamentinu neinar útskýringar í smáatriðum af upprisunni og lífinu að loknu þessu. Þess vegna verður upprisan sjálf svo miklu skýrari og stórkostlegri í augum þess sem sér og trúir.

(Þýð: Böðvar Björgvinsson 14. apríl 2009).